

Framboð til kirkjuþings

Einar Már Sigurðarson

8. kjördæmi
Austurlandsprófastsdæmi

Ágætu aðal- og varamenn í sóknarnefndum
Austfjarðaprófastsdæmis!

Ég hef verið fulltrúi leikmanna í Austfjarðaprófastsdæmi á Kirkjuþingi síðustu árin. Það starf hefur verið gagnlegt og gefandi enda bæði fróðlegt og áhugavert. Á þinginu hefur mér verið treyst fyrir ýmsum störfum t.d. hef ég setið í fjárhagsnefnd og var í forsvari fyrir hóp sem yfirfór þingsköp þingsins. Var annar tveggja fulltrúa leikmanna í þriggja manna framkvæmdanefnd og eftir að sú nefnd varð að fimm manna stjórn Þjóðkirkjunnar hef ég verið einn af þremur fulltrúum leikmanna. Stjórnin varð til við breytingar á stjórnskipulagi Þjóðkirkjunnar og fer með vald Kirkjuþings milli þingfunda.



Þingið fer með æðsta vald í málefnum kirkjunnar því er ábyrgð kirkjuþingsfulltrúa mikil. Undanfarið hafa fjármálin verið áberandi í starfinu en eftir margra ára hallarekstur hefur tekist að ná jafnvægi í rekstrinum. Mikilvægt er að viðhalda því jafnvægi og tryggja jafnframt grunnþjónustu kirkjunnar um allt land. Unnið er að framtíðarskipulagi þjónustunnar og mikilvægt að það tryggi jafna þjónustu um allt land.

Þjóðkirkjan á stórt eignasafn m.a. íbúðarhús og jarðir. Því miður hefur viðhaldspörf eignanna ekki verið sinnt en nú er unnið skipulega að því að ná utan um þörfina og tryggja þannig að eignirnar henti sem best þjónustu kirkjunnar.

Jöfnunarsjóður er og verður sóknum mikilvægur, huga þarf að breytingum á reglum hans bæði hvað varðar tekjur og úthlutanir. Frá „hruni“ hafa sóknargjöld verið skert en nú er unnið að samkomulagi við stjórnvöld um úrlausn og vonandi verða sóknum tryggð óskert sóknargjöld til framtíðar.

Nú sem fyrr er mikilvægt að efla Þjóðkirkjuna, að mörgu er að hyggja og sóknarfærin eru mörg því nú er vaxandi skilningur fyrir öflugum starfi kirkjunnar.

Ég vona að reynsla mín hafi komið Þjóðkirkjunni að gagni í störfum mínum á Kirkjuþingi og í öðrum þeim störfum sem ég hef tekið að mér fyrir kirkjuna. Undanfarin ár hafa störf mín fyrir Þjóðkirkjuna aukið reynslu mína og þekkingu. Í ljósi þess tel ég mig geta áfram gert Þjóðkirkjunni gagn og hef því ákveðið að gefa kost á mér til áframhaldandi setu á Kirkjuþingi. Leita ég nú eftir endurnýjuðu umboði leikmanna í Austfjarðaprófastsdæmi.

Með von um góða þátttöku!

Einar Már Sigurðarson